



Fundargerð 3. desember 2018

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflokks Íslands var haldinn sameiginlega með meðlimum úr félagastjórn þann 3. desember 2018 í húsakynnum Hlutverkasetursins Borgartúni 1. Fundur hófst kl 19:05.

Mættir voru Laufey Ólafsdóttir, Andri Sigurðsson, Bogi Reynisson, Pála Sjöfn Þórarinsdóttir, Viggó Jóhansson, Sanna Magdalena, Elsa Björk Harðardóttir, Katrín Baldursdóttir, Sigurður H. Einarsson, Sigurður Gunnarsson, og Gunnar Smári Egilsson.

1. Umræður um sellur. Höfnin mætti síðasta miðvikudag, það var hálfgerð óveður en mæting var ágæt miðað við aðstæður. Á fundinum var talað um hlutverk sellunnar og fjölgun félagsmanna, t.d með því að ganga í hús. Höfnin ætlar að hafa samband við alla meðlimi aftur og athuga hvort fólk ætli að mæta. Ræddum um tilgang sellanna, að koma fréttum og upplýsingum til félaganna, að félagararnir hafi aðgang að flokknum og stjórnnum með erindi, að fjölga meðlimum, að fræðast og að skipuleggja aðgerir í nærumhverfinu.

2. Virkjun Samvisku, kjörnefndar og málefnaþópa. Vantar upplýsingar um stöðuna frá Maríu. Ákveðið að félagastjórn sjái um að hringja út Samvisku og framkvæmdastjórn kjörnefnd.

3. Maístjarnan styrkti mótmælin á Austurvelli, gegn Klaustumönnum. Kostanaður var um 140 þúsund en 100 þúsund söfnuðust í fötur.

4. Verkskipting félagastjórnar. Fer að koma að því að félastjórn haldi sér fundi og velji sér ritara og formann.

5. Fjármál. Það er talsvert að skila sér af félagsgjöldum. Flokkurinn á um 500 þúsund til að greiða fyrir kostnað á næstunni.

Önnur mál:

- Laufey ætlar að hafa samband við Ellen og Ástu og spyrja hvort þær vilji halda áfram.
- Stefnt að því að halda félagsfund fyrir miðjan janúar.